

# Lög Félags sálmeðferðarfræðinga á Íslandi (SALM)

1. Félagið heitir Félag sálmeðferðarfræðinga, skammstafað SALM, á ensku: The Icelandic Association of Psychotherapists. Lögheimili og varnarþing þess er í Reykjavík. Félagið er fagfélag sálmeðferðarfræðinga á Íslandi.

## 2. Tilgangur félagsins er

- 2.1. Að tryggja að almenningur á Íslandi geti treyst því að félagsmenn þess uppfylli viðhlítandi kröfur um menntun og faglega hæfni.
- 2.2. Efla faglega meðferðarvinnu.
- 2.3. Stuðla að umræðu um sálræna meðferð í samfélaginu og efla þekkingu og skilning á starfi sálmeðferðarfræðinga.
- 2.4. Vinna að löggildingu starfsheitis sálmeðferðarfræðinga.
- 2.5. Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að fylgja lögum félagsins, standa fyrir fræðslufundum og kynna starf sálmeðferðarfræðinga.

## 3. Aðild að félaginu geta átt

- 3.1. Þeir sem hafa lokið viðurkenndu klínísku meðferðarnámi í sálrænni meðferð og skilað inn gögnum þar að lútandi og greitt umsóknargjald. Sjá skjal um skilyrði fyrir aðild að félaginu.
- 3.2. Samþykkt starfs- og siðareglur félagsins.

## 4. Aðalfundur

Aðalfundur félagsins skal haldinn árlega að vori. Reikningstímabil félagsins er almanaksárið og stjórn starfar frá aðalfundi til aðalfundar.

- 4.1. Aðalfundur telst löglega boðaður ef fundarboð er sent með tölvupósti til félaga með a.m.k. 14 daga fyrirvara.
- 4.2. Aðalfundur er löglegur ef fundarboð var löglegt skv. 4.1. án tillits til mætingar.
- 4.3. Félagar sem greitt hafa árgjald það árið hafa setu- og atkvæðisrétt á aðalfundi.
- 4.4. Á aðalfundi er samþykkt starfsáætlun til eins árs.
- 4.5. Á aðalfundi skal kosin fjögurra manna stjórn auk skoðunaraðila reikninga.
- 4.6. Dagskrá aðalfundar skal vera:
  - A. Fundur settur.
  - B. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
  - C. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár lögð fram til samþykktar.
  - D. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.

- E. Kosning í stjórn.
- F. Kosning skoðunaraðila reikninga.
- G. Ákvörðun félagsgjalds.
- H. Lagabreytingar.
- I. Tillaga stjórnar um starfsáætlun lögð fram.
- J. Önnur mál.
- K. Fundarslit.

## 5. Stjórn

- 5.1. Stjórn félagsins skal skipuð 4 félagsmönnum: formanni, gjaldkera, ritara og meðstjórnanda, kjörnum á aðalfundi til tveggja ára í senn. Heimilt er að kjósa allt að 2 varamenn.
- 5.2. Stjórn skiptir með sér verkum. Formaður boðar til funda. Stjórnin fer með málefni félagsins milli aðalfunda, tekur á álitamálum og annast í samstarfi við félagsmenn endurskoðun á lögum, aðildar-, starfs- og siðareglum félagsins. Stjórn félagsins er heimilt að skipa hópa til starfa í nafni félagsins. Stjórn hefur umboð til að álykta í nafni félagsins enda sé ályktunin í samræmi við grundvallarmarkmið þess.
- 5.3. Stjórn skal funda að minnsta kosti 4 sinnum á ári. Stjórn er ákvörðunarhæf þegar minnst þrjú stjórnarmenn eru til staðar. Ákvarðanataka fer fram með einfaldri atkvæðagreiðslu þar sem meiri hluti ræður. Náist ekki samkomulag um meirihluta (2:2 en ekki 3:4), fær atkvæði formanns meira vægi en eitt atkvæði.

## 6. Reikningsár og félagsgjöld

- 6.1. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Ákvörðun um félagsgjöld skal tekin á aðalfundi og skulu þau innheimt árlega og greiddast fyrir 1.mars.
- 6.2. Á aðalfundi skulu lagðir fram reikningar undirritaðir af stjórn og skoðunaraðila.
- 6.3. Rekstrarafgangi skal varið í samræmi við tilgang félagsins.

## 7. Lagabreytingar

- 7.1. Tillögur um lagabreytingar skal leggja fram til stjórnar a.m.k. fimm dögum fyrir aðalfund.
- 7.2. Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi félagsins.
- 7.3. Lagabreytingar teljast samþykktar ef 60% félaga sem sækja aðalfund samþykkja þær.

## 8. Slit félagsins

- 8.1. Félaginu verður slitið ef tillaga þess efnis er samþykkt á aðalfundi með 60% greiddra atkvæða.
- 8.2. Við slit félagsins skulu eignir, ef einhverjar eru, renna til geðræktar.

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi í Reykjavík 24.október 2019

---

Margrét Gunnarsdóttir kt. 271266-2949

---

Hildur Magnúsdóttir kt. 191257-2869

---

Edda Arndal kt. 201062-5279

---

Todd Kulczyk kt. 261072-3009

---

Birgit María Braun kt. 261158-2219